

**From:** [Eiríkur Björn Björgvinsson](#)  
**To:** [Íbúaráð Kjalarnes](#)  
**Subject:** Ósk um fulltrúa í stýrihóp um eflingu frístundastarfs á Kjalarnesi  
**Date:** miðvikudagur, 24. janúar 2024 13:37:43  
**Attachments:** [image002.png](#)

---

Ágæti viðtakandi.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð tók fyrir á fundi sínum 12. janúar sl. tillögu meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar vegna skipan stýrihóps um eflingu frístundastarfs á Kjalarnesi

1. Kjalarnes - stýrihópur

Lögð fram svohljóðandi tillaga meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar:  
Lagt er til að settur verði á fót stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi þar með talið listnámi. Leitað verði skýringa á því hvers vegna færri börn og ungmenni nýta frístundastyrkinn á Kjalarnesi en flestum öðrum hverfum borgarinnar. Hópurinn verði skipaður þremur fulltrúum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, tveimur frá meirihluta og einum frá minnihluta. Að auki starfi með hópnum fulltrúi frá íbúasamtökum Kjalarness, íbúaráði Kjalarness, Ungmennafélagi Kjalarness og Klébergsskóla auk starfsfólks menningar- og íþróttasviðs. Leitað verði ráðgjafar og hugmynda frá öðrum sviðum og stofnunum borgarinnar eftir þörfum. Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. maí 2024.

Greinargerð fylgir tillögunni:

Samþykkt. MIR24010004

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:  
Frístundastyrkurinn hefur löngu sannað gildi sitt sem verkfæri til að stuðla að þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi. Gögn sýna að í flestum hverfum er nýtingin á bilinu 80-90% en á því eru nokkrar undantekningar einkum í Breiðholti, Miðborg og Kjalarnesi þar sem nýtingin er á bilinu 60-70%. Sérstakt verkefni hefur verið í gangi í Breiðholti til að auka virkni barna og ungmenna og hér er lagt til að farið verði í aðgerðir á Kjalarnesi til að auka þátttöku þeirra í íþróttum, listnámi og öðru skipulögðu frístundastarfi. Sérstaklega verði hugað að leiðum til að örva stúlkur til þátttöku en þær hafa mun síður nýtt styrkinn en strákar á Kjalarnesi svo munar heilum 15 prósentustigum. Tillagan gerir ráð fyrir stofnun stýrihóps sem leggi fram tillögur eigi síðar en 1. maí næstkomandi.

Fylgigögn

[Tillaga um stýrihóp](#)

**Tillaga um eflingu frístundastarfs á Kjalarnesi**

Lagt er til að settur verði á fót stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi þar með talið listnámi. Leitað verði skýringa á því hvers vegna færri börn og ungmenni nýta frístundastyrkinn á Kjalarnesi en flestum öðrum hverfum borgarinnar. Hópurinn verði skipaður þremur fulltrúum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, tveimur frá meirihluta og einum frá minnihluta. Að auki starfi með hópnum fulltrúi frá íbúasamtökum Kjalarness, íbúaráði Kjalarness, Ungmennafélagi Kjalarness og Klébergsskóla auk starfsfólks menningar- og íþróttasviðs. Leitað verði ráðgjafar og hugmynda frá öðrum sviðum og stofnunum borgarinnar eftir þörfum. Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. maí 2024.

## **Greinargerð**

Tölfræði um nýtingu frístundastyrksins í Reykjavík gefur til kynna að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi sé talsvert undir meðallagi í tveimur hverfum borgarinnar, Breiðholti og Kjalarnesi og sé sömuleiðis marktækt minni í miðborginni. Að meðaltali nýtist frístundastyrkurinn um og yfir 80% barna í borginni en í Breiðholti er hlutfallið einungis 60%, á Kjalarnesi er það 65% og um 70% í Miðborginni. Þá er kynjamunur hvergi meiri en á Kjalarnesi þar sem 73% stráka nýta styrkinn en einungis 58% stúlkna. Undanfarin ár hefur verið brugðist við þessari stöðu í Breiðholti með sértækum aðgerðum en þörf er á samskonar inngripi á Kjalarnesi þar sem samfélagið glímir að mörgu leyti við sambærilegar áskoranir. Lagt er til að menningar-, íþróttar- og tómstundaráð hafi frumkvæði að stefnumótun um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu frístundastarfi með áherslu á íþróttir og listnám. Settur verði á fót stýrihópur með þremur fulltrúum ráðsins, tveimur fulltrúum meirihluta og einum fulltrúa minnihluta auk fulltrúa frá íbúasamtökum og íbúaráði Kjalarness, Klébergsskóla sem m.a. rekur tónlistarskóla innan sinna vébanda og Ungmennafélagi Kjalarness sem hefur haft áhuga á því að taka að sér veigameira hlutverk varðandi umsjón íþróttamannvirkja á svæðinu og Klébergsskóla. Þá verði fulltrúar starfsfólks menningar- og íþróttasviðs með í starfinu. Leitað verði til annarra fagsviða og stofnana borgarinnar um innlegg og ábendingar eftir því sem þörf krefur. Stefnt verði að því að stýrihópurinn vinni hratt og vel að mótun tillagna og skili niðurstöðum sínum fyrir 1. maí 2024.

Óskað er vinsamlega eftir fulltrúa íbúaráðs Kjalarness til að taka sæti í hópnum.

Leitað verður einnig ráðgjafar og hugmynda frá öðrum sviðum og stofnunum borgarinnar eftir þörfum.

Með kveðju / Regards

Eiríkur Björn Björgvinsson

-----  
Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs  
Head of Culture and Sports Department  
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, Ísland  
sími: +354 411 1111  
[eirikur.bjorn.bjorgvinsson@reykjavik.is](mailto:eirikur.bjorn.bjorgvinsson@reykjavik.is)

[Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

